



SUNDFÉLAG HAFNARFJARÐAR

STOFNAD 1945

Ásvellir 2 - 221 Hafnarfjörður - Ísland
<http://www.sh.is> - sh@sh.is - sími 555 6830

Hafnarfirði 10. júní 2016

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,
Haraldur L. Haraldsson
Ráðhúsinu Strandgötu
220 Hafnarfjörður

Efni: Veitingasala í anddyri Ásvallalaugar

Sæll Haraldur,

Á fundi sem fulltrúar Sundfélagsins áttu með Guðmundi Ragnari og Geir Bjarnasyni varðandi útboð á líkamsræktaraðstöðu í Ásvallalaug, var það staðfest sem okkur hafði áður verið sagt að til standi að bjóða út veitingasöluna í Ásvallalaug.

Sundfélag Hafnarfjarðar hefur frá opnun Ásvallalaugar verið með forræði yfir veitingasölu í anddyri laugarinnar. Í upphafi var farið á leit við ýmsa aðila að vera með veitingasölu þar en enginn af þeim sem var boðið taldi vera rekstargrundvöll fyrir veitingarekstri þarna. Því fór SH þá leið að vera með sjálfsala í anddyrinu. Auk þess hafa bæði SH og Fjörður notað aðstöðuna í veitingasölnunni á sundmótum og öðrum viðburðum þar sem hægt er að nýta anddyrið til fjáröflunar með sölu á veitingum og ýmsum varningi. Sá þáttur er mjög mikilvægur í fjáröflun félaganna.

Að auki kemur þessi ákvörðun sér mjög illa við félagið þar sem innkoman vegna sölu úr sjálfsölonum er töluverð.

Ef af útboði verður og félagið missir bæði mjög þarfa aðstöðu og talsverðar tekjur, þá leitumst við til að fá bætta þá afkomu sem félagið missir við þessar ráðstafanir.

Virðingarfylgst,

formaður Sundfélags Hafnarfjarðar

Karl Georg Klein,